

## **161. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME fimmtudaginn 22. september 2022 kl. 17**

Mætt voru skólanefndarmennirnir Skúli Björn Gunnarsson, Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Magnús Jónsson, Sigrún Birna Björnsdóttir og Þorvaldur P. Hjarðar sem mætti í forföllum Stefáns Boga Sveinssonar. Auk þess mættu áheyrnarfulltrúarnir Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara og Tómas Viðar Úlfarsson f.h. nemenda. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar

1. Kosning formanns til næsta árs
2. Fundargerð 160. fundar undirrituð og staðfest af hlutaðeigandi
3. Gangurinn í starfinu
4. Starfsmannamál haustsins
5. Önnur mál

Árni Ólason skólameistari setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

### **1. Kosning formanns til næsta árs**

Kjósa skal formann nefndarinnar til eins árs. Skúli Björn Gunnarsson lýsir yfir að hann sé tilbúinn til að sinna formennsku í 1 ár. Hann var kjörinn með lófataki.

### **2. Fundargerð 160. fundar undirrituð og staðfest**

Þeir fundarmenn sem sátu síðasta fund undirrituðu fundargerðina og staðfestu hana þar með.

### **3. Gangurinn í starfinu**

Skólameistari sagði frá starfi síðustu vikna. Hann sagði nýrri nefnd frá upplýsingum um skólann, skólastarfið og skólanefnd inni á heimasíðunni sem þau geta kynnt sér.

Í haust komu 89 nýnemar sem er talsverð fjölgun frá fyrri árum. Það fjölgaði um 20 á heimavistinni. Nú er langt liðið á fyrri spönn haustannar. Miðspannarmati er lokið. Meira líf er yfir félagslífinu núna eftir lægð í Covid. Skólinn fékk viðurkenningu sem stofnun ársins og andinn er góður. Öflugt starfsfólk er við skólann. Vonir standa til þess að dagskólanemendum fækki ekki á næstu árum.

Tómas Viðar sagði frá félagslífinu sem er nokkuð öflugt. Framundan er ball. Nýnemamóttökunni var breytt og voru nemendur ánægðir. Móttakan fór fram hér. Það var pubkviss, bíó og jóga. Val var um að fá rjóma í andlitið svo leyfilegt var að komast hjá því sem fólki fannst óþægilegt.

Nemendafélagið fær hrós fyrir ánægjulega móttöku nýnema. Miðvikudagsviðburðir eru vikulegir. Þar er ýmislegt gert. Góð þátttaka er á viðburðum. Björn Gísli sagði frá virðingarviku sem nú stendur yfir. Umhverfisnefndin hefur haldið utan um skipulag hennar en þetta er í 3. sinn sem hún er haldin.

#### 4. Starfsmannamál fyrir haustið

Skólameistari sagði frá að kennurum sem eru á kennsluafslætti vegna aldurs hefði fjölgað. Elín Adda Steinarsdóttir leiðbeinandi var ráðin í eðlis- og jarðfræðikennslu. Elín Ása Heiðarsdóttir kennir stærðfræði. Einnig hefur Aldís Anna Þorsteinsdóttir iðjubjálfi hafið störf. Rannveig Þórhallsdóttir og Bylgja Lind Pétursdóttir munu verða í launalausú leyfi þetta skólaár. Hlynur Ármannsson verður í launalausú leyfi á vorönn og Dagur Skírinnir Óðinsson á seinni haustspönn og alla vorönn. Heiðís Halla Bjarnadóttir var ráðin í ár í fjarveru Bylgju Lindar. Ráðið hefur verið í ræstingar og mótuneyti. Einnig hefur Sigríður Lára Sigurjónsdóttir verið ráðin í forfallakennslu á haustönn en Stefanía Ósk Sveinbjörnsdóttir verður í veikindaleyfi.

#### 5. Önnur mál

- a) Næsti fundur verður 24. nóvember kl. 17:00
- b) Rætt var um mikilvægi samvinnu við nágrannaskóla.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.


Skúli Björn Gunnarsson




Magnús Jónsson



Sigrún Birna Björnsdóttir



Þuríður Lillý Sigurðardóttir



Þorvaldur P. Hjarðar

